

Tónleikar í Samkomhúsinu á Húsavík

miðvikudaginn 8. maí 2013

kl. 20:00 og 22:30

Guðni Bragason

flytur eigið efni og ábreiður ásamt hljómsveit og bakröddum.



Sérstakur gestur
Axel Flóvent Daðason

Miðaverð kr. 2.000
Miðasala opnar kl. 18:00
Húsið opnar klukkustund
fyrir auglýsta tónleikatíma.



Skilatími í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum*
og því rennur skilafrestur auglýsinga út á þriðjudögum

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk

Snyrtipinninn auglýsir

Opnunartíma í sauðburði

Opnunartíminn í sauðburði verður eftir samkomulagi. Tímamantanir í síma **4643200**, vinsamlegast lesið inn á talhólfíð ef ég kemst ekki í símann og ég mun hafa samband.

Anna Geirlaug
Snyrtifræðingur



Frá Björgunarsveitinni Þingey

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldinn í húsi sveitarinnar Melgötu 9 á Stórutjörnum miðvikudagskvöldið 8. maí næstkomandi klukkan 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

Vorfundur kvenfélags Reykdæla



verður haldinn í Húsmæðraskólanum
þriðjudaginn 7. maí kl. 20:00
Nýjar konur velkomnar.
Stjórnin

Ferming í Hálskirkju

Ferming fer fram í Hálskirkju Fnjóskadal 12. maí kl. 11.00.
Fermdar verða

Arney Björnsdóttir, Guðrún Borghildur Eyfjörð Ásgeirsdóttir og
Marit Alavere. Kirkjukórinn syngur.
Kristín María Hreinsdóttir syngur einsöng.
Organistar Dagný Pétursdóttir og Jaan Alavere.
Verið velkomin!

Lokatónleikar í tónleikaröð Hlífur Sigurjónsdóttur
til að minnast fíðlu- og tónmenningar í Suður Þingeyjarsýslu í 150 ár

Skútustaðakirkja sunnudaginn 5. maí kl. 15:30



J.S. Bach: Partíta III í E dúr, BWV 1006
Eugène Ysaÿe: Obsession úr Sónötu nr. 2
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson: Kurie
frumflutningur
Niccolò Paganini: Kaprísa nr. 24

Ókeypis aðgangur
sjá efnisskrá sérhverra tónleika á www.HlifSigurjons.is

Kæru félagar.

Nú erum við að hefja 22 starfsárið og sem endranær stútfullar af bjartsýni og hlökkum til að takast á við sumarið. Útlit er fyrir mikinn fjölda ferðamanna og eru þeir þegar farnir að koma við á markaðinum okkar. Mörg skemmtiferðaskip munu hafa viðkomu sína á Akureyri og Húsavík í sumar og stór hluti farþega þeirra kemur til með að stansa við Goðafoss. Við tökum þeim fagnandi og höfum þegar haft eina vörumóttöku og er önnur áætluð í byrjun júní. Þannig að það ætti að geta orðið gott sumar og við erum klárar í slaginn.

Við opnuðum markaðinn aftur 5. mars, réðum starfsmenn í samstarfi við Goðafossveitingar og síðan þá hefur verið opið á Fosshóli alla daga frá 9-13. Þetta er tilraun sem vert er að gera, við höfum stundum verið gagnrýndar fyrir að vera ekki með opið fyrr að vetrinum. Opnunartíminn verður svo lengdur eftir 1. maí. Sjálfbodaaktivitir byrja 15. maí og eru hópstýrur byrjaðar að raða konum niður á daga. Ella í Hlíð er tilbúin að standa vaktir fyrir ykkur ef þið eigið ekki heimangengt. Síminn hjá Ellu er 4643231 eða 6944550.

Við höfum ráðið starfsfólk fyrir sumarið, Anna Guðný Baldurdóttir verður vaktstjóri og heldur utan um daglegan rekstur og vörumóttöku. Karl Pálsson og kærasta hans Valgerður ásamt Unni Eyfjörð Ásgeirsdóttur munu svo standa vaktirnar á markaðinum. Unnur byrjar að vinna 24. maí og svo tynast hin smá saman inn.

Aðalfundurinn okkar var haldinn á Fosshóli þann 7. apríl. Þar mættu 20 konur. Breytingar urðu í báðum stjórnnum, úr stjórn H.M.H. gekk Ingibjörg Hartmannsdóttir Þórðarstöðum og í hennar stað kom Kristín Ketilsdóttir Lækjarvöllum. Úr stjórn G.F.M. gekk Kristlaug Pálsdóttir og í hennar stað kom Margrét Jónsdóttir Fitjum. Ekki reyndist áhugi meðal fundarkvenna fyrir þátttöku í Hrafnagilssýningu þetta árið en reynt verður að hafa markaðsdag hér heima fyrir með svipuðu sniði og verið hefur síðustu tvö sumur. Hann verður væntanlega haldinn seinnipartinn í júní. Fosshólshópur og Kinnarhópur hafa sameinast og er Sigurborg Gunnlaugsdóttir hópstjóri. Ákveðið var á fundinum að H.M.H. gerðist aðili að samtökunum Þingeyskt og Þjóðlegt.

Að lokum viljum við óska ykkur öllum gleðilegs sumars og vonum að það verði okkur öllum gjöfult og gott.

Stjórnir H.M.H og G.F.M.

Sumarferð eldri borgara í Þingeyjarsveit 2013

Farið verður á Vestfirði 18. til 21. júní, gist eina nótt á Reykjanesi og tvær nætur á Patreksfirði.

Verð á mann er kr. 60.000,00 í tveggja manna herbergjum. Innifalið er morgun og kvöldverður á gististað og að auki hádegishressing alla dagana..


Greiðslu þarf að leggja inn á reikning félagsins sem er 1110 26 3337 kt. 440708-0210 fyrir 15. júní næst komandi.

Þátttaka tilkynnist fyrir 10. maí næst komandi til:

Dags Jóhannessonar	s. 4643520/ 8425520
Emelíu Friðriksdóttur	s. 847 3144
Jóns Sigurjónssonar	s.464 3148

Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur þessa ferð.

Ferðanefndin





FRÁ TÓNLISTARDEILD STÓRUTJARNASKÓLA

Vortónleikar nemenda verða haldnir í sal Stórutjarnaskóla miðvikudagskvöldið **8. maí kl 20:00 - ókeypis aðgangur**

Kaffisala til styrktar ferðasjóði nemenda

að loknum tónleikum

Allir velkomnir

Tónlistarkennarar

Aðalfundur Ungmennafélagsins Eflingar

Aðalfundur Eflingar verður haldinn fimmtudaginn 9. maí klukkan 20:00 í matsal Litlulaugaskóla.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

18.tbl.
2. maí
2012
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Vestfirski Karlaþórinn Ernir



Vortónleikar

í Ýdöllum

föstudaginn 3. maí kl. 20:30

Gömul og ný lög eftir vestfirsk tónskáld

Jón Ásgeirsson - Jón Jónsson frá Hvanná - Jónas Tómasson
Sigurður Þórðarson - Sigvaldi Kaldalóns - Vilberg Vilbergsson - Magnús K. Hávarðsson

Stjórnandi: **Beáta Joó** Píanóleikari: **Margrét Gunnarsdóttir**

Aðgangseyrir kr. 2.500.- (greiðslukort velkomin)

Nánari upplýsingar á www.ernir.it.is